



Ísafirði, 15. október 2021.

Efni: Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Hér með er þeirri ákvörðun sveitarstjórnar Vesturbyggðar, sem tilkynnt var í bréfi til Samgöngufélagsins, dags. 16. september sl., að hafna því að gera ráð fyrir þverun Vatnsfjarðar við norðanverðan Breiðafjörð í tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins fyrir árin 2018 til 2035, skotið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til endurskoðunar, sbr. lög nr. 130/2013 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Er gerð krafa um að lagt verði fyrir sveitarstjórn að annað hvort taka ákvörðunina upp að nýju og byggja hana á frekari gögnum og upplýsingum og láta fylgja henni veigameiri rökstuðningur en gert var eða sem e.t.v. væri heppilegra í stöðunni að fresta ákvörðun um legu vegarins í aðalskipulagi þar til endanlega er ljóst hvaða veglína af þeim sem koma til greina inn fjörðinn telst heppilegust.

---

Ákvörðun um legu nýs eða endurbættis vegar í Vatnsfirði á vissulega eftir að hafa talsvert mikla þýðingu fyrir ásýnd Vatnsfjarðar hver sem niðurstaðan verður en þó ekki síður fyrir þá umtalsvert vaxandi umferð sem allt bendir til að eigi eftir að fara um fjörðinn með bættum vegum og styttingu leiða milli Hringvegarins og norðan- og vestanverðra Vestfjarða og ekki kemst aðra leið en um fjörðinn. Þykir um þetta og fleiri atriði varðandi hugsanlega þverun Vatnsfjarðar mega vísa til athugasemda Samgöngufélagsins við aðalskipulagið, dags. 24. júní sl.

Í rökstuðningi sveitarstjórnar Vesturbyggðar við áður nefndum athugasemdum segir: „*Að mati sveitarfélagsins þá myndi þverun Vatnsfjarðar rýra mjög gildi friðlýsingar svæðisins þar sem þverun myndi skerða ásýnd svæðisins til muna. Núverandi veglína með bættum aðgerðum umhverfis Flókalund sem myndi gefa þeirri starfsemi meira pláss er talin hagkvæmari og skynsamari kostur. Þverun hefði óverulega styttingu í för með sér og ávinningur lítill miðað við umfang framkvæmdar við þverun. Útfærsla á veginum við Flókalund er ekki ákveðin og þarfnast breytingar á aðalskipulagi. Þegar þar að kemur og verður það unnið í frekara samráði við Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.*“

Mest er þetta byggt á huglægu mati þeirra sem með þessi mál fara án þess að séð verði að kallað hafi verið sérstaklega eftir afstöðu t.d. íbúa sveitarfélagsins eða að sérstök óhá könnun á þessum atriðum farið fram.

Vegur ásamt nauðsynlegum brúarmannvirkjum sem uppfyllir nútímakröfur og lægi í núverandi eða svipaðri veglínu mundi valda talsverðu raski og án efa skerða upplifun þeirra sem dvelja í friðlandinu ekki síður en vegur sem lægi fyrir fjörðinn þó á annan hátt yrði. Eflaust án efa er kostnaður við þverun eitthvað hærri en endurbyggður vegur um fjörðinn en að sama skapi er arðsemi væntanlega talsvert meiri. Sé t.d. miðað við meðalumferð 500 ökutækja á dag á ári (jafnt stórra sem lítilla), að ekinn kílómetri kosti að meðaltali kr. 120 (taxti ríkissjóðs) og vegalengd syttist um 3,5 km gera þetta 76 m.kr. á ári auk talsvert aukins umferðaröryggis miðað við veglínu inn fjörðinn, tímasparnað um 3 mínútur (miðað við 90 km/klst hraða), minna slit á á vegum og ökutækjum og minni orka og mengun. Þetta ætti að vera hægt að kanna og stilla upp sem valkostum

Ekki liggur fyrir hvaða útfærsla á að ráðst í við Flókalund eftir því sem segir í áðursendu bréfi Vesturbyggðar né með hvaða hagsmunaaðilum verður unnið. Því er hins vegar treyst að enginn sem að ákvörðunum kom eða muni koma hafi persónuega eða fjárahagslega hagsmuni af niðurstöðum þeirra eins og hætt er við í fámennari samfélögum.

- - -

Aðalskipulagstillagan var auglýst (án þess að mikið bæri á) á sínum tíma og af því tilefni gekkst Samgöngufélagið fyrir netkönnun 14. til 23. júní sl. þar sem mögulegt útliti þverunar í raunumhverfi vr sýnt frá ýmsum sjónarhornum í þrívídd í eins konar videomynd. Alls tóku 398 manns þátt í könnuninni þar sem spurt var: „Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú þverun Vatnsfjarðar?“ Var hægt að veita svör á skalanum 0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur). Talsverður meirihluti þátttakenda var frekar á því að þvera ætti fjörðinn, jafnt íbúar Vesturbyggðar, íbúar annars staðar á Vestfjörðum og loks íbúar annars staðar á landinu. Fékk tillagan fékk 4,38 stig á framangreindum skala. Meðal íbúa í Vesturbyggð sem voru 13,3% svarenda fékk hún einkunnina 4,41.

Í ljósi afstöðu þeirra sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni þykir mega ráða að þetta skipti marga nokkru máli hvað leið verður valin og því brýnt að vanda til verka og betur huga að afstöðu íbúa og þó ekki síður íbúa nágrannasveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum þar sem meirihluti íbúa þar og aðrir sem þangað vilja komast eiga án efa eftir að fara þess leið inn á Hringveginn og af honum í stað vegarins um Ísafjarðardjúp. Þetta gildir þótt margir íbúar Vesturbyggðar og raunar einnig flestra annarra sveitarfélaga á vestan- og norðanverðum Vestfjörðum séu langþreyttir á seinagangi í vegamálum og ákvörðunum tengdum þeim.

- - -

Með framangreindri könnun sem send var sveitarfélaginu fylgdi einnig sérstök greinargerð Samgöngufélagsins, dags. 24. júní sl., sem áður segir en ekki þykir liggja skýrt fyrir hvort litið var til hennar þegar málið var til umfjöllunar hjá sveitarfélaginu, en í bréfi Vesturbyggðar segir: „*Samgöngufélagið stóð fyrir könnun um þverun Vatnsfjarðar í júní 2021 og sendi til Vesturbyggðar niðurstöðu könnunar sem athugasemd.*“

Auk þessarar niðurstöðu sendi félagið áður nefnda athugasemd við tillögu að aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018 til 2035, dags. 24. júní sl., en ekki kemur fram hvort þær athugasemdir voru lagðar fram. Því sendi félagið svohljóðandi erindi í tölvupósti til Vesturbyggðar 20. september sl.:

„Þess er beiðst að Samgöngufélaginu verði sem fyrst sendar allar athugasemdir sem sendar voru inn í tengslum við auglýsingu tillögu að aðalskipulagi Vesturbyggðar fyrir árin 2018 til 2035 svo og að sendar verði eða vísað á fundargerðir byggingar- og skipulagsnefnar þar sem fjallað er um tillögu að aðalskipulaginu.“

Þessi póstur hefur ekki verið ítrekaður en viðbrögð hafa ekki borist.


- - -

Áréttað skal að þótt löggjöf um skipulag landsins og einstakra sveitarfélaga geri í meginatriðum ráð fyrir að ákvörðun um efni þess sé á hendi einstakra sveitarfélaga er hér um að ræða umfjöllunarefni sem varðar mun fleiri en íbúa sveitarfélagsins sjálfs. Varðar þetta ekki síður íbúa og atvinnulíf nærliggjandi sveitarfélaga á vestan- og norðanverðum Vestfjörðum. Þykir verða að hafa þetta í huga þegar ákvarðanir varðandi veigamikil máls eins og hér um ræðir eru undirbúnar og afgreiddar.

- - -

Þess er að lokum farið á leit að koma megri að frekari gögnum eða upplýsingum ef þurfa þykir á síðari stigum þessa máls.

Virðingarfyllst,



Jónas B. Guðmundsson  
fyrirsvarsmaður

Fylgiskjöl:

- Bréf Vesturbyggðar til Samgöngufélagsins, dags. 16. september 2021.
- Athugasemdir Samgöngufélagsins við tillögu að aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018 til 2035, dags. 24. júní 2021.10.14
- Umfjöllun og samantekt niðurstaðna könnunar sem gerð var um afstöðu til þverunar Vatnsfjarðar, dagana 14. til 23. júní 2021, sem nálgst má á vefslóðinni <https://samgongur.is/wp-content/uploads/2021/06/ENVALYS-vegl%C3%ADnaF%20.pdf>.
- Slóð á myndaband sem sýnir þá könnun sem vísað er til <https://psychlab.envalys.is/run/sessions/6169a346513cb4db8ee770ae?!=is>

Ef óskað er frekari gagna eða í öðru formi er þess beiðt að tilkynnt verði um það.